

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Lax- og silungsveiði 2023
Salmon, trout and charr catch statistics 2023
Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Lax- og silungsveiði 2023

Salmon, trout and charr catch statistics 2023

Höfundar Guðmunda Björg Þórðardóttir, Guðni Guðbergsson

Samstarfsaðilar Fiskistofa

Verkefnisstjóri Guðmunda Björg Þórðardóttir

Yfirfarið af Fjóla Rut Svavarsdóttir

Samþykkt af Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer HV 2024-27 **ISSN** 2298-9137

Dagsetning 12. júlí 2024 **Dreifing** Opin

Fjöldi síðna 39 **Verknúmer** 9080

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Hér eru teknar saman tölulegar upplýsingar um lax- og silungsveiði á Íslandi fyrir árið 2023 líkt og gert hefur verið síðustu ár og er birt árlega á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Heildarfjöldi laxa veidda á stöng árið 2023 var samkvæmt skráðum gögnum sem bárust til Hafrannsóknastofnunar 32.726 laxar, af veiddum löxum í stangveiði þá var 62,8% sleppt og landaðir 37,2%. Veiddir smálaxar (eitt ár í sjó) voru 23.230 eða 71,0% og stórlaxar (tvö ár í sjó) voru 9.496 eða 29,0%. Alls veiddust 3.812 laxar í net og var heildaraflinn 10.688 kg. Í stangveiði voru skráðir alls veiddir 49.711 urriðar og bleikjur alls 27.674. Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu voru 6.637 urriðar og 30.092 bleikjur.

Árið 2023 voru hnúðlaxar áberandi í ám hér á landi og voru skráðir 562 hnúðlaxar og hafa aldrei verið fleiri, auk þess var tilkynnt um 86 hnúðlaxa sem ekki voru skráðir. Af meintum eldislögum þá bárust Hafrannsóknastofnun 465 sýni úr fiskum til upprunagreiningar og voru af þeim 440 laxar greindir úr eldi. Alls voru 35 regnbogasilungar skráðir í veiði í ám.

Rétt er að minna á að skráning á lax- og silungsveiði er lagaskylda skv. 13 gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og skal veiðiskýrslum skilað til Hafrannsóknastofnunar

Lykilorð: Lax, urriði, bleikja, veiðiskráning, stangveiði, netaveiði, smálax, stórlax, afli, sleppt.

Abstract

Reporting of all catch in freshwater fisheries is mandatory, by law in Iceland based on a tradition dating back to 1946. The catch statistics have been recorded on electronic form from 1974. The catch is recorded in a logbook on the website of the Marine and Freshwater Research Institute (MFRI) or other format accepted by MFRI.

The total rod catches of Atlantic salmon in 2023 was 32.726 fish, where off 20.568 (62,8%) was released (catch and release). Total number of brown trout/seatrout caught in rod fishery was 49.711 fish, 20.527 (41,5%) were released and the catch landed was 29.184 fish and 36.004 kg. The total number of Arctic charr/sea run Arctic charr in the rod fishery was 27.674 fish were off 7.801 (28,2%) fish released and the catch landed was 19.876 fish and 12.752 kg.

A total of 562 pink salmon were recorded and additional 86 pink salmon were reported making 2023 a record high year for pink salmon in Iceland. The total of farmed salmon escapees was 440 fish which is also a record. A total number of rainbow trout was 35 fish caught in Icelandic rivers and lakes.

Keywords: Atlantic salmon, brown trout, Arctic charr, angling net, catch released, catch landed.

1 Inngangur.....	1
2 Aðferðir.....	3
3 Niðurstöður	5
<i>Laxveiði</i>	5
<i>Urriðaveiði</i>	5
<i>Bleikjuveiði</i>	5
<i>Uppruni laxa</i>	6
<i>Netaveiðar lax</i>	6
<i>Afli á villtum laxi</i>	6
<i>Veiðihæstu árnar</i>	6
<i>Veitt og sleppt</i>	7
<i>Veiði eftir landshlutum</i>	7
<i>Netaveiði</i>	8
<i>Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum</i>	8
<i>Hnúðlax</i>	8
<i>Eldislax</i>	8
<i>Regnbogasilungur</i>	9
4 Umræður	10
Pakkarorð	12
Heimildir	13
Töflur	14
Myndir	32

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2023, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði á Íslandi sumarið 2023, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi 2023, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	15
Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2023, skipt eftir landshlutum.	15
Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2023 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddum í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.	16
Tafla 6. Tíu hæstu laxveiðiárnar sumarið 2023, skipt eftir veiði og afla (afli er fjöldi landaðra laxa). .	17
Tafla 7. Tíu hæstu urriðaveiðisvæðin 2023.	17
Tafla 8. Tíu hæstu bleikjuveiðisvæðin 2023	17
Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Reykjanesi árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	18
Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vesturlandi árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	19
Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vestfjörðum árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	21
Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi vestra árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	22
Tafla 13. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi eystra árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	23
Tafla 14. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Austurlandi árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	24
Tafla 15. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Suðurlandi árið 2023 (þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	25
Tafla 16. Fjöldi veiddra laxa í völdum ám á Íslandi á árunum 1985-2023 ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið.	27
Tafla 17. Fjöldi veiddra urriða í völdum ám á árunum 1987-2023, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	29
Tafla 18. Fjöldi veiddra bleikja í völdum ám á árunum 1987-2023, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	30
Tafla 19. Skráð netaveiði á Íslandi árið 2023. Gefinn er fjöldi og þyngd (kg)	31

Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2023 skipt í afla og sleppt ásamt afla og sleppt úr sleppingum gönguseiða	32
2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2023	32
3. mynd. Afla (landað) náttúrlegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2023	33
4. mynd. Fjöldi veiddra urriða í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2023, fjöldi í afla og sleppt.....	34
5. mynd. Fjöldi veiddra bleikja í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2023, fjöldi í afla og sleppt.....	34
6. mynd. Fjöldi veiddra smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó), fært til gönguseiðaárgangs í þeim ám þar sem veiðiskráning hefur verið samfelld frá árinu 1970-2023	35
7. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði 1996-2023 bæði í heild og laxa í ám sem hafa veiði úr villtum laxastofnum	35
8. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði skipt í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) bæði fyrir veiði í öllum ám og svo fyrir villtra laxa sér	36
9. mynd. Hlutfall urriða og bleikju sem sleppt var úr stangveiði á árunum 1999-2023	36
10. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum.....	37

11. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	37
12. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum.....	38
13. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	38
14. mynd. Fjöldi hnúðlaxa sem skráðir voru á Íslandi árin 2003-2023.....	39

1 Inngangur

Hér eru teknar saman helstu niðurstöður lax- og silungsveiði fyrir árið 2023 og byggir þessi skýrsla á gögnum sem skilað hefur verið til Hafrannsóknastofnunar. Skráning á laxveiði var almennt góð þótt enn þurfi að bæta skráningu á silungsveiði bæði í ám og vötnum. Skrá þarf aðrar tegundir sem veiðast með í lax- og silungsveiði þar með talið hnúðlax, flundru og ál. Góð skráning er mikilvæg til að greina nýtingu og ástand fiskstofna sem undirstöðu fyrir stjórnun sjálfbærrar nýtingar á þessari mikilvægu auðlind.

Rafræn skráning á lax- og silungsveiði á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar var tekin í notkun fyrir veiðitíma árið 2023. Þegar tekin var í notkun nýtt skráningarform þar sem margir notendur koma að þá mátti gera ráð fyrir byrjunar erfiðleikum. Það hefur verið að mestu bætt úr þeim atriðum sem upp komu í nýju rafrænu veiðibókinni. Veiðibókin á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar hefur nýlega verið uppfærð og er viðmót nýju uppfærslunnar notendavænna en í fyrri útgáfu. Skráningarformið er enn í þróun.

Skráning á veiði er lagaskyld skv.; lögum um lax og silungsveiði nr. 61/2006. Veiðiréttarhafar, forsvarsmenn veiðifélaga eða þeir sem sjá um skráningu á lax- og silungsveiði bera ábyrgð á að skráning skili sér til Hafrannsóknastofnunar. Hægt er að skrá veiði á veiðibókarform sem er aðgengilegt á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar <https://veidibok.hafogvatn.is/is/svaedyfirlit>. Nokkrir aðilar bjóða einnig upp á rafrænt skráningarform fyrir veiði m.a. með smáforritum (app) en með þeim er hægt að færa upplýsingar um veiðina í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar sem viðkomandi aðilar bera ábyrgð á. Veiðiréttarhafar og umsjónarmenn veiðiskráningar eru hvattir til að kynna sér þá möguleika sem eru í boði við veiðiskráningu. Með rafrænni skráningu veiði er mögulegt að sjá yfirlit yfir gang veiði í ám og vötnum í rauntíma fyrir þau veiðisvæði sem nota þann skráningar möguleika.

Þegar ástand fiskstofna í ám og vötnum er metið og lagt er mat á verðmæti veiða innan veiðisvæða þá eru m.a. skráð gögn um lax- og silungsveiði. Einnig er stuðst við veiðitölur við skiptingu arðs á milli veiðiréttarhafa innan veiðifélaga og því er mikilvægt að viðhafa góða skráningu.

Hlutfall lax sem var sleppt árið 2023 hefur aldrei verið hærra frá því að byrjað var að skrá veiði og hefur fjöldi fiska sem sleppt er úr stangveiði aukist milli ára. Hafa þarf í huga að þegar svo hátt hlutfall er sleppt að þá geta sömu fiskar veiðst og verið skráðir oft en einu sinni. Þetta þarf að hafa í huga þegar m.a. veiðitölur eru notaðar fyrir mat á stofnstærð. Mikilvægt er að muna að alltaf þegar fiski er sleppt þarf að fara varlega við alla meðhöndlun því laxfiskar, eins og allir fiskar, eru viðkvæmir fyrir meðhöndlun og þá einkum á fyrri hluta veiðitíma.

Hafa þarf í huga þegar þróun á stangveiði er skoðuð að laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ána.

Vaxandi veiði er á hnúðlaxi hér á landi og var veiðin 2023 sú mesta sem skráð hefur verið hér á landi. Hnúðlax er því að auka útbreiðslu sína hér líkt og annarsstaðar við Norður-Atlantshaf. Til að fylgjast með þróun í landnámi hnúðlaxa og útbreiðslu er mikilvægt að hann sé skráður til að auka þekkingu á tegundinni hér við land.

Eldislaxar sem sloppið höfðu úr sjókvíum voru mjög áberandi í ám síðsumars 2023 á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi og voru gerðar ráðstafanir til að fanga þá (Kanstad-Hansen og fl. 2023; Skoglund. H og fl. 2023). Framleiðsla á norskættuðum eldislaxi hefur aukist mikið hér á landi og er vöxtur greinarinnar áhyggjuefni vegna áhrifa sem það getur haft á

umhverfi og lífríki hér við land, ekki síst áhrif á villta laxfiska. Í rannsókn þar sem gerður var samanburður við erfðaupplýsingar eldislaxa af þeim stofni sem notaður er á Íslandi og er af norskum uppruna greindist erfðablöndun í 36 ám af 89 (Leó Alexander Guðmundsson og fl. 2023).

Regnbogasilungur veiddist í nokkrum ám en ekki er vitað til að sú tegund hafi fjölgað sér í ám hér á landi og því eru þessir fiskar væntanlega stök frá eldisstöðvum. Mikilvægt er að veiðimenn taki eftir mögulegum eldiseinkennum á þeim fiskum sem þeir veiða. Einkennin geta verið misáberandi milli eldislaxa og fer það eftir því hvenær í lífsferlinum viðkomandi lax slapp úr eldi. Nánari lýsingar á eldiseinkennum laxa má sjá á skýringarmynd https://www.hafogvatn.is/static/files/myndir/villtur-lax-eda-eldislax_poster_2017_eydis_lag.pdf

Tilkynna þarf veiði á fiskum með eldiseinkenni til Hafrannsóknastofnunar og/eða Fiskistofu og vill Hafrannsóknastofnun fá alla meinta eldislaxa til að greina uppruna þeirra.

Veiðitölur sem bárust eftir að úrvinnsla og samantekt gagna fyrir þessa skýrslu var lokið eru ekki talin hér með. Þau gögn sem bárust of seint verða samt sem áður færð í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar og geta komið með í komandi samantektum.

2 Aðferðir

Árið 2023 var tekin í notkun rafræn skráning á lax- og silungsveiði á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar, þar sem þeir aðilar sem sjá um veiði eða veiðimenn skráðu sjálfir allar upplýsingar um veiðina rafrænt í gagnagrunninn. Allar upplýsingarnar sem hér koma fram voru byggðar á gagnaskilum frá veiðiréttarhöfum, forsvarsmönnum veiðifélaga og annarra sem sáu um skráningu á veiði.


Umsjón og úrvinnsla gagna sem þessi skýrsla byggir á var með líkum hætti og verið hefur undanfarin ár, þar sem samantektarskýrsla fyrir hverja á lá til grundvallar þeim tölum sem hér var unnið með.

Eftirfylgni á gagnaskilum var líkt og áður þ.e. ef gögn höfðu ekki borist Hafrannsóknastofnun þá var sendur tölvupóstur og/eða hringt í þau sem höfðu umsjón með veiðinni það gat t.d. verið formaður veiðifélags, eigandi eða leigutaki.

Skráðar voru upplýsingar um hvern veiddan fisk og var það á ábyrgð forsvarsmanna veiðifélaga eða annarra sem báru ábyrgð á ánni að skrá og skila gögnum til Hafrannsóknastofnunar í lok veiðitímabilsins.

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á voru skráð/skilað á eftirfarandi hátt:

- Veiðin var skráð beint inn með rafrænni skráningu í Veiðibók lax- og silungsveiði (gagnagrunn) á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.
- Nokkrir aðilar buðu uppá smáforrit (App) til skráningar á veiði og færðu sjálfir gögnin í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar.
- Hefðbundnar veiðibækur á pappír voru sendar til þeirra sem sérstaklega óskuðu eftir þeim og þau gögn voru síðan skráð inn í gagnagrunninn.
- Gögn komu til Hafrannsóknastofnunar í pdf formi sem síðan voru færð inn í excel og í gagnagrunn með magn skráningu.
- Í undantekningar tilfellum ef um fáa fiska var að ræða komu upplýsingar í tölvupósti og voru þær færðar í gagnagrunninn.
- Excel skjöl með skráða veiði voru send til Hafrannsóknastofnunar, skjölin síðan unnin til að hægt væri að færa inn með magnskráningu í rafrænu veiðibókina (sjá dæmi hér að neðan).



A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	
1	Nafn	Netfang	Veiðistaður	Veiðistaðanúmer	Dagsetning	Lengd (cm)	Þyngd (kg)	Tegund	Kyn	Sleppt	Sjögenginn	Beita	Heiti beitu	Þyngd beitu (gr.)	Athugasemd
2	Jón Jónsson	jon@mittnetfang.is	Eyjan	3	13.8.2022	54,7	10,4	Lax	Hængur	TRUE	Sjögenginn	Fluga	Rauður Frances		Vinsamlega fjarlægð eða sk
3	Jón Jónsson	jon@mittnetfang.is	Bakki	4	14.8.2022	54,7	10,4	Lax	Hængur	TRUE	Sjögenginn	Fluga	Rauður Frances		Vinsamlega fjarlægð eða sk
4	Jón Jónsson	jon@mittnetfang.is	Tún	5	15.8.2022	54,7	10,4	Lax	Hængur	TRUE	Sjögenginn	Fluga	Rauður Frances		Vinsamlega fjarlægð eða sk
5	Jón Jónsson	jon@mittnetfang.is	Klettur	6	16.8.2022	54,7	10,4	Lax	Hængur	TRUE	Sjögenginn	Fluga	Rauður Frances		Vinsamlega fjarlægð eða sk
6															
7															
8															
9															
10															

Í þeim tilfellum þar sem aðeins annaðhvort lengd eða þyngd fiska var skráð var lengdar-þyngdarsambandið sem lýst er með jöfnunni; $\text{þyngd} = 0,0000215 * \text{lengd}^2,83307$ notuð til að uppreikna þá stærð sem ekki var skráð. Hjá þeim lögum þar sem aðeins lengd var gefin upp var miðað við að laxar yfir 70 cm væru stórlaxar óháð kyni.

Ef bæði lengdar- og þyngdarskráningu vantaði var gert ráð fyrir að um smálax sé að ræða. Í fyrri lax- og silungsveiði skýrslum var miðað skiptingu eftir sjávaraldri þannig að hrygnur 3,5 kg

og undir og hængar 4,0 kg og undir væru smálaxar en lax yfir þeirri þyngd væri stórlax. Eftir 2023 þegar byrjað var á rafrænu skráningunni þá var tekið upp að miða við lengd við skiptingu eftir sjávaraldri.

Við úrvinnslu gagna var veiðin flokkuð eftir stangveiði, netaveiði, tegundum, heildarveiði, kyni, fjölda landaðra fiska og fjölda sleppt, smálax, stórlax, villtur lax, landshlutum, heiti áa, hæstu veiðiár eða vötn.

Veiðin var skráð eftir veiðistöðum og/eða númerum ef það var þekkt, ef veiðistaðir voru ekki þekktir þá var skráð „Veiðistaður óþekktur“. Ef hnit fylgdu veiðistað þá var hægt að hnitsetja veiðistaðinn með landfræðilegri staðsetningu í gagnagrunninum. Ef upplýsingar um veiða og sleppa voru ekki skráðar þá var skráð að fiski hafi verið landað.

Tekið var fram í landshlutatöflunum (töflur 9 -15) ef veiðiskýrslum var ekki skilað eða ef sérstakar ástæður voru fyrir því að veiði var ekki skráð t.d. ef ár voru friðaðar eða veiði ekki stunduð af öðrum ástæðum. Gerð var samantekt eins og áður fyrir laxveiði í völdum ám á árunum 1985 – 2023 (tafla 16) og samskonar (töflur 17 og 18) eru teknar saman fyrir valdar ár yfir veiði urriða og bleikju árin 1987 – 2023. Til að gera samanburð fyrir þróun á veiði sjóbirtinga og sjóbleikja til lengri tíma voru teknar saman heildar tölur yfir veidda fiska í völdum ám sem hafa hvað áreiðanlegustu samfelldar skráningar. Allar upplýsingar um silungsveiðar sem skilað hefur verið til Hafrannsóknastofnunar er að finna í landshlutatöflum í skýrslu um lax- og silungsveiði eins og áður.

Í gögnum um netaveiði vantar iðulega upplýsingar um hvern fisk sem einstakling. Þar voru oftast skráðar upplýsingar um heildarfjölda og heildarþyngd veiddra fiska hvern dag. Mikilvægt er að bæta skráningu netaveiði enn frekar og skrá upplýsingar um hvern veiddan fisk. Upplýsingarnar sem bástur úr gögnum fyrir netaveiði voru teknar saman þ.e. heildarfjöldi og heildarþyngd laxa og silunga í öllum landshlutum.

Ekki voru alltaf nákvæmar upplýsingar um veiðitíma og veiðiaðferðir við öflun klaklaxa sem ætlaðir eru til fiskræktar og eru veiðiréttarhafar hvattir til að bæta þá skráningu. Allir fiskar sem voru teknir í klak voru skráðir sem sleppt í gagnagrunninn enda munu hrogn þeirra eða seiði skila sér aftur í viðkomandi vatnsfall.

Nokkrar ár á Suðurlandi byggja veiði á umtalsverðri sleppingu gönguseiða sem sleppt var til hafbeitar og þeir endurheimtir síðar með stangveiði og er í raun um hafbeitað að ræða. Í samantekt var veiði tekin saman fyrir hafbeitarveiði og svo fyrir ár sem byggja á veiði villtra laxa.

3 Niðurstöður

Laxveiði

Lax veiddur í stangveiði í ám á Íslandi árið 2023 var samkvæmt skráningum sem skilað var til Hafrannsóknastofnunar alls 32.726 laxar (tafla 1) af þeim var 62,8% sleppt og landaðir 37,2%. Veiddir smálaxar (eitt ár í sjó) voru 23.230 eða 71,0% og stórlaxar (tvö ár í sjó) voru 9.496 eða 29,0%.

Á Suðurlandi voru veiddir alls 10.426 laxar, af þeim var 4.166 sleppt aftur og afli var 6.260 laxar sem vógu 17.666 kg. Á Vesturlandi voru veiddir 8.675 laxar. Af þeim var 5.106 sleppt og afli var 3.568 laxar sem vógu 8.679 kg. Á Norðurland vestra veiddust 4.559 laxar en 3.969 var sleppt og afli var 590 laxar sem vógu 1.761kg. Á Austurlandi var veiðin 3.154 laxar og sleppt 2.972 og var fjöldi í afla 182 fiskar sem vógu 524 kg. Á Norðurlandi eystra veiddust 3.496 laxar og var 2.876 löxum sleppt og fjöldi fiska í afla var 620 laxar sem vógu 1.688 kg. Á Reykjanesi var veiðin 1.833 laxar og var sleppt 1.299, fjöldi fiska í afla var 534 og vógu 1.298 kg. Á Vestfjörðum veiddust 583 laxar og var 180 fiskum sleppt, fjöldi í afla var 403 laxar og vógu 1.197 kg (tafla 1).

Alls veiddust 3.812 laxar í net sumarið 2023 og var heildaraflinn 10.688 kg (tafla 2). Eftir landshlutum þá var mesta netaveiðin á Suðurlandi en þar veiddust 3.726 laxar í net og var aflinn 10.455 kg, á Suðurlandi er netaveiðin að mestu bundin við stóru jökulárnar.

Í stangveiði og netaveiði var heildarfjöldi landaðra laxa samanlagt 15.969 laxar og vógu alls 43.501 kg, af þeim voru 13.869 smálaxar sem vógu 34.155 kg og 2.101 stórlax sem vógu 9.344 kg (tafla 3).

Urriðaveiði

Í stangveiði voru skráðir alls 49.711 urriðar árið 2023 og þar af voru 41,5% þeirra sleppt (tafla 4, 4. mynd). Það er aðeins lægra hlutfall slepptra urriða en árið áður þegar 45,5% af stangveiðiveiddum urriða var sleppt. Afli urriða var 29.184 fiskar sem vógu samtals 36.004 kg (tafla 4).

Eins og undanfarin ár var mesta skráða stangveiði á urriða á Suðurlandi en þar veiddust 26.623 urriðar og af þeim var 6.544 sleppt (24,6%). Á Norðurlandi eystra voru veiddir 10.120 urriðar, sleppt 7.631 (75,4%). Á Norðurlandi vestra voru veiddir 9.809 urriðar og sleppt 4.827 (49,2%). Á Vesturlandi voru veiddir 2.099 sleppt 824 (39,3%). Á Reykjanesi voru veiddir 796 urriðar og sleppt 600 (75,4%). Á Austurlandi veiddust 206 urriðar og 83 sleppt (40,3%) og líkt og undanfarin ár var minnst veiði á urriða á Vestfjörðum eða 58 urriðar og 18 sleppt (31,0%) (tafla 4). Árið 2023 voru veiddir urriðar 3.294 færri en árið 2022.

Bleikjuveiði

Í stangveiði voru skráðar veiddar bleikjur alls 27.674 (tafla 4, 5. mynd), af þeim var 7.801 sleppt (28,2%), en árið 2022 voru veiddar 26.348 bleikjur og sleppt 18,9%. Afli bleikju var 19.873 fiskar (71,8%) sem vógu samtals 12.752 kg.

Af landshlutum var mesta skráða bleikjuveiði á Suðurlandi alls 16.086 en af þeim var sleppt 3112 og (16,3%).

Á Norðurlandi vestra voru veiddar 5.296 bleikjur og sleppt 1.830 (34,6%). Á Norðurlandi eystra voru veiddar 2.896 bleikjur og sleppt 1.599 (55,2%). Alls veiddust 1.346 bleikjur á Austurlandi og sleppt 650 (48,3%), á Vestfjörðum voru veiddar 1.058 bleikjur og sleppt 232 (21,9%). Á Vesturlandi voru veiddar 954 bleikjur og sleppt 336 (35,2%), á Reykjanesi voru veiddar 38 bleikjur og sleppt 32 (84,2%) (tafla 4).

Uppruni laxa

Sumarið 2023 voru skráðir í stangveiði alls 25.665 laxar af villtum uppruna (tafla 5, 1. mynd) og voru villtir laxar sem var sleppt 71,1%. Í ám þar sem veiðin byggir á sleppingum gönguseiða (hafbeit) veiddust 7.061 laxar og í þeim ám var 2.309 (32,7%) sleppt. Meðalveiði árána 1974-2023 var 41.435 laxar og meðalveiði árána 2012-2022 var 46.127 (tafla 5).

Netaveiðar lax

Skráðir veiddir laxar í net voru alls 3.812 (tafla 5, 2. mynd) og afli 10.688 kg. Fleiri laxar voru veiddir í net 2023 (3.812) en árið 2022 (2.448).

Eftir landshlutum þá skiptist netaveiði þannig að á Suðurland voru veiddir 3.726 laxar og þyngd 10.455 kg, á Vesturlandi veiddust 60 laxar alls 162 kg, á Vestfjörðum veiddust 4 laxar alls 12 kg, á Norðurlandi eystra veiddist 20 laxar í net alls 54 kg, á Norðurlandi vestra veiddust 2 laxar sem vógu 5 kg. Ekki bárust skráningar að lax hafi verið veiddur í net frá Reykjanesi og Austurlandi.

Afli á villtum laxi

Afli á villtum löxum hefur minnkað á undanförunum árum í stangveiði (3. mynd). Afli villtra laxa (tafla 5) á árunum 2020 (11.553), 2021 (11.245) og 2022 (11.931) var mjög samsvarandi en minnkun árið 2023 niður í 7.405 villta laxa (tafla 5). Aukinn fjöldi þess sem sleppt er úr stangveiði hefur áhrif á landaðan afla.

Veiðihæstu árnar

Yfir allt landið þá voru 10 efstu laxveiðiárnar (tafla 6) Ytri-Rangá og Vesturbakki Hólsár með 3.582 laxa. Eystri-Rangá með 2.602 laxa, Miðfjarðará með 1.336 laxa, Selá Vopnafirði með 1.234 laxa, Hofsá með 1.089 laxa, Norðurá með 1.087 laxa, Haffjarðará 911 laxa, Stóra Laxá með 795 laxa, Þjórsá með 788 laxa og Langá með 709 laxa. Þrjár efstu árnar voru í sömu röð og síðasta ár.

Af 5 veiðihæstu urriðaveiðisvæðum landsins þar sem stangveiði var stunduð og skráð, voru veiddir flestir urriðar í Veiðivötnum, alls 15.415 urriðar, Laxá í Mývatnssveit 4.325, Fremri-Laxá á Ásum 3.966, Arnarvatn stóra og Austurá 2.256, Apavatn 2.027, Vatnsdalsá og Giljá 1.968, Laxá í Aðaldal 1.372, Laxá í Laxárdal 954, Ölfusá 879 og Tungulækur 780 (tafla 7).

Fimm hæstu veiðisvæði fyrir bleikju voru Veiðivötn með 9.140 bleikjur, Hlíðarvatn í Selvogi með 2.454 bleikjur, Fljótaá 1.484 bleikjur, Arnarvatn stóra og Austurá með 1.264 og Vötn sunnan Tungnaár 1.113 aðrar ár og vötn voru með færri en 1.000 bleikjur (tafla 8).

Veitt og sleppt

Fjöldi smálaxa var 14.504, samanborið við árið 2022 en þá voru smálaxar 20.981 (6. mynd). Fjöldi villtra laxa sem sleppt hefur verið úr stangveiði hefur farið vaxandi frá því veiðiaðferðin veitt og sleppt var fyrst skráð hér á landi árið 1996. Hlutfall villtra laxa sem sleppt er úr stangveiði hefur farið vaxandi og var 71,1% af veiðinni 2023 (7. mynd). Árið 2023 var hlutfall smálaxa sem sleppt var af villtum uppruna alls 62,8% en 90,2% stórlaxa (8. mynd). Alls var hlutfall sleppt af smálaxi 52,6% en 87,9% af heildarveiði stórlaxa var sleppt þegar hafbeitarveiðin var tekin með (8. mynd).

Af skráðri stangveiði á urriða þá var 41,3% sleppt aftur og er þetta annað árið frá því skráning á veiði urriða hófst að urriði sem er sleppt fer yfir 40,0%, það er nú og árið 2022 (9. mynd).

Hlutfall bleikju sem var sleppt í stangveiði var 32,2% miðað við 19,0% hlutfall bleikju sem var sleppt árið 2022. En árið 2021 þá var skráð 45,2% sleppt af bleikju og er það ár frábrugðið öðrum árum frá því skráningar hófust á bleikju (9. mynd).

Veiði eftir landshlutum

Á Reykjanesi veiddust í stangveiði 1.833 laxar, 1.299 löxum var sleppt og afli var 534 laxar. Mesta veiði var í Laxá í Kjós og Bugðu 634 laxar, Elliðaár 628 laxar og Leirvogsá með 306 laxa (tafla 9).

Á Vesturlandi veiddust 8.675 laxar og 5.106 löxum var sleppt og afli var 3.568 laxar, flestir veiddir laxar á Vesturlandi voru í Norðurá 1.087, Haffjarðará 911 og Langá 709 (tafla 10).

Á Vestfjörðum veiddust 583 laxar, sleppt var 180 löxum og afli var 403 laxar. Þrjár efstu veiðiárnar á Vestfjörðum voru Víðidalsá, Þverá og Húsadalsá með 138 laxa, Mórudalsá með 96 laxa og Laugardalsá með 82 laxa (tafla 11). Ekki bærust gögn fyrir allar ár sem skilað hafa gögnum síðustu ár á Vestfjörðum.

Á Norðurlandi vestra veiddust 4.559 laxar og 3.969 var sleppt og fjöldi laxa í afla 590. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi vestra var í Miðfjarðará eða 1.336 laxar, Laxá á Ásum 661 laxar og Víðidalsá og Fitjaá voru samtals með 645 laxa (tafla 12).

Á Norðurlandi eystra veiddust 3.496 laxar og var fjöldi sleppt 2.876 og afli 620 laxar. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi eystra var í Laxá í Aðaldal með 686 laxa, Skjálfafljót A-deild 419 laxa og Ormarsá 395 laxa (tafla 13).

Á Austurlandi veiddust 3.154 laxar. Fjöldi laxa sem sleppt var 2.972 og var aflinn 182 laxar. Þrjár aflagæstu árnar á Austurlandi voru Selá í Vopnafirði með 1.234 laxa, Hofsá var með 1.089 og Vatnasvæði Jökulsár á Dal með 521 laxa (tafla 14).

Á Suðurlandi veiddust 10.426 laxar, 4.166 löxum var sleppt og aflinn var 6.260 laxar. Mest var veiðin í Ytri – Rangá og Vesturbakka Hólsár alls 3.582, Eystri – Rangá 2602, Stóra - Laxá 795 (tafla 15).

Í skýrslum lax- og silungsveiði fyrri ára þá hefur laxveiði í völdum ám fyrir árin 1985 til 2023 verið tekin saman ásamt meðalveiði tímabilsins auk mestu og minnstu veiði (tafla 16). Veiði á

urriða á árunum 1987-2022 er tekin saman á sama hátt (tafla 17) og fyrir bleikju yfir sama tímabil (tafla 18).

Netaveiði

Skráð laxveiði í net voru 3.812 laxar og var aflinn 10.720 kg. Á Suðurlandi voru alls 3.726 laxar veiddir í net. Mest var veitt í Þjórsá 2.949 laxar, í Hvítá 415 laxar og Ölfusá 315 laxar. Á Vesturlandi veiddust alls 60 laxar í net. Á Norðurlandi eystra voru skráðir 20 laxar í net. Á Vestfjörðum 4 laxar í net og á Norðurlandi vestra voru skráðir 2 laxar í net og á Austurlandi var enginn lax skráður í net (tafla 19).

Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu voru 6.637 urriðar og 30.092 bleikjur. Mesta skráða urriðaveiði var í Veiðivötnum alls 1.568 urriðar og þar veiddust 18.550 bleikjur (tafla 19) en hluti vatna í Veiðivötnum voru friðuð fyrir netaveiði eins og áður.

Sjóbirtingur og sjóbleikja eftir landshlutum

Þegar litið er á stangveiði á urriða (sjóbirtingi) í ám sem hafa reglulega og samfellda veiðiskráningu sést að fjöldi skráðra sjóbirtinga er mestur á Suðurlandi (10. mynd). Þegar litið er til frávíks veiði frá meðaltali sést að aukning hefur komið fram í öllum landshlutum á síðari árum þótt nokkur breytileiki geti verið á milli ára (11. mynd). Stærstu stofnar sjóbirtings eru í ám við suðurströndina, einkum í Vestur-Skaftafellsýslu (Guðni Guðbergsson og fl. 2021).

Sjóbleikju hefur að jafnaði fækkað í öllum landshlutum (12. mynd) og er sú fækkun áhyggjuefni. Sú fækkun er enn greinilegri þegar litið er til frávíks frá meðaltali (13. mynd). Sjóbleikja hefur verið ríkjandi tegund í ám á Austfjörðum og á Tröllaskaga og var til skamms tíma útbreidd á Vestfjörðum en þessi svæði tilheyra eldri berggrunni landsins. Aukning kom fram í bleikjuveiði á Suðurlandi og munar þar mest um aukna skráða veiði í Sogi. Vert er að hafa í huga skráningu hefur verið ábótavætt á bleikju gegnum árin og getur breytt skráningarform samfara rafrænni skráningu haft áhrif sem vert er að greina.

Hnúðlax

Árið 2023 voru hnúðlaxar (bleiklaxar) áberandi í ám hér á landi. Skráðir voru í veiðiskýrslur 562 hnúðlaxar og hafa aldrei verið fleiri, auk þess var tilkynnt um 86 hnúðlaxa sem ekki voru skráðir í bækur eða gagnagrunn eru því samtals 648 hnúðlaxar sem staðfest var (14 mynd). Farið var með ádráttar net í nokkrar ár til að fanga hnúðlax.

Eldislax

Í ágúst 2023 tilkynnti fyrirtækið Arctic Sea Farm um stök eldisfiska úr sjókví á eldissvæði sínu í Kvígindisdal í Patreksfirði. Á þessum tíma voru rúmlega 70.000 laxar í kvínni (Matvælastofnun 2023). Fiskistofa fer með stjórnun veiða þegar stök verður úr eldi og voru gerðar ráðstafanir m.a. að fá norska kafara til að fylgjast með mögulegri uppgöngu eldislaxa í ár á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. Markmiðið var að ná að fjarlægja sem flesta eldislaxa úr ánum fyrir hrygningartíma en um 35% þeirra laxa sem sluppu gátu hafa náð kynþroska. Kafarar sem komu á vegum Fiskistofu voru hér á landi á tímabilinu frá miðjan september til byrjun nóvember 2023. Það sáust eldislaxar í 35 ám og aðgerðir kafaranna leiddu í ljós að sloppinn

eldislax hafði dreift sér víða og þá mest til norðurs. Þær ráðstafanir að fjarlægja eldislaxinn úr ánum var m.a. vegna hættu á að blöndun við villta laxastofna (Kanstad-Hanssen, Ø og fl. 2023; Skoglund, H og fl. 2023).

Árið 2023 bárust Hafrannsóknastofnun 465 sýni úr fiskum til upprunagreiningar en þeir voru taldir geta verið strokufiskar úr eldi. Fiskarnir voru ýmist heilir, slægðir eða sýni af hluta þeirra (t.d. hreistur og/eða erfðasýni). Fiskarnir komu frá ýmsum aðilum, t.d. veiðimönnum, Fiskistofu, ofangreindum köfutum og rannsóknarfyrirtækinu Laxfiskum. Af 465 greindum fiskum voru 440 laxar greindir úr eldi, þar af 421 úr strokinu í Kvígindisdal í Patreksfirði sem tilkynnt var síðsumars 2023. Nánar er fjallað um niðurstöður upprunagreininga í samantektarskýrslu um vöktun vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna (Fjóra Rut Svavarsdóttir o.fl. 2024).

Eftir að meintur eldislax berst Hafrannsóknastofnun þá er eldislax skráður og erfðasýni tekið, fiskur mældur og útlitið metið. Matvælastofnun og Fiskistofu fá tilkynningu um málið, Matís erfðagreininir fiskana og Hafrannsóknastofnun vinnur úr erfðagögnum sem berast.

Regnbogasilungur

Alls voru skráðir í ám 35 regnbogasilungar, 32 veiddust í Minnivallalæk í Landsveit, einn veiddist í Brynjudalsá Hvalfirði, einn í Víðidalsá Steingrímsfirði og einn í Eystri-Rangá. Ekki er vitað um uppruna þeirra. Þar að auki voru 90 regnbogasilungar veiddir í Djúpavatni á Reykjanesi þar sem þeim hefur verið sleppt til stangveiði.

4 Umræður

Þær tölur sem komið hafa hér að framan eru byggðar á skráningum og upplýsingum frá veiðiréttareigendum, leigutökum, veiðimönnum og þeim sem önnuðust skráningu á veiði í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar eða skiluðu gögnum á annan hátt.

Skráðir veiddir laxar voru 32.726 á stöng og er það 21,4% minni en meðalveiði áranna 1974-2022. Hlutfall laxa sem sleppt var hefur aukist síðustu ár og var nú 62,8% af veiddum laxi sleppt og var það hæsta hlutfall sleppt frá því skráningar hófust, hlutfall sleppt af veiddum fiski hefur ekki áður farið yfir 60%.

Árið 2023 var skráð minni stangveiði á laxi miðað við árið 2022 í öllum landshlutum nema Norðurlandi eystra þar sem var 5,4% aukning. Af heildar veiði voru smálaxar 71,0% (23.230) og stórlaxar 29,0% (9.496) en stórlaxar eru mikilvægir fyrir stofninn þar sem hlutfall hrygna er jafnan hærra og hrognafjöldi stórlaxa hrygna er mun meiri en hjá smáhrygnum.

Gögnum fyrir veiði í öllum helstu stóru veiðiám landsins var skilað til Hafrannsóknastofnunar og voru það álíka skil á gögnum og hefur verið á liðnum árum. Nokkrar ár með minni veiði sem hafa skilað gögnum í gegnum tíðina, skiluðu ekki gögnum um veiði fyrir árið 2023 en mismunandi ástæður voru gefnar fyrir því að gögnum var ekki skilað. Einnig var gögnum skilað inn fyrir nokkrar ár sem höfðu lítið eða ekki skilað gögnum á liðnum árum. Það var tekið fram í landshlutatöflunum (töflur 9 – 15) ef gögnum um veiði var ekki skilað eða ef sérstakar ástæður voru fyrir því að veiði var ekki skráð t.d. ef ár voru friðaðar eða veiði ekki stunduð af öðrum ástæðum. Almennt má því draga þá ályktun að breyting yfir í rafræna skráningu hafi ekki haft afgerandi áhrif á heildarskráningu veiði hér á landi. Það getur þó átt við um einstaka ár sem vonandi verður fært til betri vegar eftirleiðis.

Undanfarin ár hafa miklar sveiflur átt sér stað á endurheimtum laxa úr sjávardvöl og er fjöldi þeirra laxa sem ganga upp í árnar háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar og hversu mörg þeirra lifa sjávardvölinu af og skila sér aftur í árnar. Almennt hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi. Ástæður þess eru ekki þekktar en bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021).

Tvær veiðihæstu árnar voru Rangárnar, Ytri- og Eystri-Rangá, en þar er sleppt gönguseiðum (hafbeit) til sjögöngu og voru þær ár með 18,9% af heildar veiðinni fyrir allt landið.

Aukning hefur orðið í fjölda og hlutfalli þeirra laxa sem veiddir voru á stöng og sleppt aftur. Ljóst er að með því er dregið úr veiðisókn í þeirri viðleitni að efla hrygningarstofna og viðkomu í stofnum sem lið í sjálfbærri nýtingu þeirra. Sleppingar á laxi hafa að öllum líkindum einhver áhrif á veiðitölur vegna þess að hluti fiska eru veiddir og skráðir oft en einu sinni. Árið 2023 var fjöldi fiska sem sleppt var úr stangveiði með hæsta hlutfall af veiði sem skráð hefur verið eða 60% en síðustu ár hefur veiðimönnum í mörgum ám verið gert skylt að sleppa öllum stórlöxum, þ.e. löxum sem mælast 69 cm og lengri og einnig í nokkrum ám hefur verið skylt að sleppa öllum veiddum löxum.

Skráning á silungsveiði hefur batnað síðustu ár þótt enn vanti talsvert mikið uppá að hún verði eins vel skráð og laxveiðin. Þarna þarf verulega að bæta úr og gefst tækifæri til þess með rafrænni skráningu. Góð skráning á silungsveiði er ein af forsendum þess að hægt sé að gera sér grein fyrir stöðu silungsstofna. Aflatölur í silungsveiði eru gjarnan notaðar til að meta verðmæti á veiði og því verður verðmæti veiði greinilegri með bættri skráningu. Á síðustu

árum hafa sífellt fleiri aðilar skráð silungsveiði þar sem veiddir fiskar eru einstaklingsskráðir en með því fást betri upplýsingar um þyngdar- og lengdarskiptinu veiðinnar.

Í netaveiði voru skráðir 3.812 laxar árið 2023. Á liðnum árum hafa verið uppkaup á netum og leigu á netaveiðirétti. Fiskistofa heimilaði ádráttarveiði í laxveiðiám til að ná hnúðlökum og reyna að takmarka ágang hnúðlaxa á búsvæðum íslenskra laxfiska.

Fyrst var vart við hnúðlax á Íslandi 1960 (Þór Guðjónsson 1961) en frá árinu 2015 hefur verið mikil aukning á veiði á hnúðlax í Íslenskum ám. Aldrei hefur verið eins mikið veitt af hnúðlax eins og árið 2023 og var skráð veiði á hnúðlaxi í öllum landshlutum. Búast má við að veiði hnúðlaxa komi til með að aukast á næstu árum en veiðin er jafnan meiri á oddatöluárum.

Mikilvægt er að skrá hnúðlaxa eins og aðra veiði svo hægt sé að fylgjast með vexti stofnsins í íslenskum ám. Hnúðlax er hæfur til manneldis sé hann veiddur áður eða um leið og hann gengur upp í árnar.

Eftir stórt stök úr eldiskví í Patreksfirði í lok ágúst varð fljótlega vart við meinta eldislaxa í ám og síðar kom í ljós að fjöldi eldislaxa höfðu gengið upp í ár. Eldislaxar voru því áberandi í ám sumarið og haustið 2023 og er það áhyggjuefni vegna mögulegra áhrifa sem það getur haft á umhverfi og lífríki og með erfðablöndun við villta laxastofninn. Alls bárust Hafrannsóknastofnunar 465 laxar með eldiseinkenni til greiningar og voru 440 úr eldi, það er mikilvægt að veiðimenn taki eftir eldiseinkennum á veiddum lökum. Öllum fiskum sem bera eldiseinkenni á að landa svo greina megja þá frekar og taka sýni til greininga. Einkenni er hægt að sjá á uggum, sporði og hreistri eldisfiska og þá má rannsaka frekar með greiningu á vaxtarmynstri í hreistri og/eða með greiningu erfðaefnis.

